

Nr. 20/1884.

Rjettvísín

gegn

Árna Björnssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, gengnum að Gerðiskoti 24. jan. þ. á., var hinn ákærði Árni Björnsson dæmdur fyrir stórbjófnað til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga og til að greiða allan af sökinni löglega leiðandi kostnað.

Máli þessu er af hálfu rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, Árna Björnssonar, og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann haustið 1882 kastaði eign sinni á sauð einn, sem hann vissi að Sigurður Einarsson á Hólum átti, með því að afmarka hann; hafði sauðurinn komið sjálfkrafa á bæ þann, sem hann var vinnumaður á; en sauðinn þóttist hann hafa keypt af rjettum eiganda, og húsbóndi hans, sem trúði þessu, fóðraði fyrir hann sauðinn veturinn eptir; þekktist þá sauðurinn, og skilaði hinn ákærði honum þá rjettum eiganda.

Þetta afbrot hins ákærða, sem er fæddur 12. júní 1856, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, á undir 231. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Svo greiði hann og allan af málinu bæði fyrir undir- og yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmaet.

Því dæmist rjett að vera :

Hinn ákærði Árni Björnsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiða allan af málinu bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 21/1884.

Páll Eyjólfsson

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi í máli þessu, Sigurður fangavörður Jónsson, hefur krafizt, að málinu verði vísað frá landsyfirdóminum fyrir þá sök, að maður sá, sem mætti af hendi áfrýjandans, þegar málið kom fyrir landsyfirdóminn, og sem ekki er fastur málaflutningsmaður við yfirdóminn, en mætti fyrir honum eptir löggingdning landshöfðingjans, hafi ekki fært neinar sönnur á, að hann hefði umboð af hendi málsaðila til að sækja málið í yfirdómi, og hefur hinn stefndi einnig krafizt, að sjer verði dæmdur kostur og tæring fyrir að hafa mætt að árangurslausu. Hinn löggilti talsmaður áfrýjandans hefur aptur á móti haldið því